

til laga um hafnsögu í Reykjavík.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir bruttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Reykjavíkurhafnar. Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hjer á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

2. gr.

Hafnarnefnd Reykjavíkur hefir á hendi yfirstjórn hagnsögumála í Reykjavík.

Hafnarnefnd skipar hafnsögumenn, svo marga sem þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Launin greiðast úr hafnarsjóði Reykjavíkur.

3. gr.

Hafnsögugjald greiðist samkvæmt reglugerð, er hafnarnefnd Reykjavíkur semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í þeirri reglugerð jafnframt ákveða, hvert gjald skuli greiða fyrir leiðsögu út úr höfninni og um höfnina, þar á meðal inn í innri höfnina og út úr henni.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð Reykjavíkur, og má taka þau lögtaki.

4. gr.

Um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnsögugjalda skal nánar ákveðið í reglugerð, er hafnarnefnd Reykjavíkur semur og stjórnarráð Íslands staðfestir.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, alt að 1000 kr. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þá jafnframt numin úr gildi öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hafnargerðinni í Reykjavík er nú lokið og nýtt skipulag komið á stjórn hafnarmálanna. Hafnarnefndin hefir talið þörf á, að komið væri nýju skipulagi á hafnsöguna í Reykjavík í sambandi við þessar breytingar.

Hafnsögumenn eru nú tveir í Reykjavík, og eru þeir skipaðir af stjórnarráðinu. Bæjarstjórn hefir að eins tillögurjett um skipun þeirra. Hafnargerðin hefir gert það óhjákvæmilegt, að höfnin hafi í þjónustu sinni menn til að leggja skipum að bryggjum, flytja þau til á höfninni og inn og út úr innri höfninni. Virðist heppilegast, að þetta starf yrði sameinað við starf núverandi hafnsögumanns, og hvorttveggja sett undir stjórn hafnarnefndarinnar. Er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu. Annað atriðið, sem unnbóta er þörf á, er launakjör hafnsögumanna. Þeim er nú launað með hafnsögugjaldi því, sem ákveðið er í l. 16. september 1893. Laun þeirra eru fremur lág, og reynslan virðist hafa bent til þess, að hafnsagan hafi eigi verið rækt svo vel sem skyldi, einmitt af þessari ástæðu; hafnsögumenn eigi haft efni á að hafa nógu vandaða báta til að geta komist út í skip í vondum veðrum. Í frumvarpinu er ætlast til þess, að hafnsögumenn fái laun sín úr hafnarsjóði og jafnframt að ný ákvæði komi um greiðslu hafnsögugjalds með reglugerð, er stjórnarráðið samþykki, og renni hafnsögugjaldið í hafnarsjóð. Loks er heimilað í frumvarpinu að setja nýja reglugerð um framkvæmd hafnsögunnar. Reglugerð sú, er nú gildir um þetta efni, er frá 1. des. 1841 og er orðin úrelt, einkum síðan hafnargerðinni lauk.

Frumvarpið hefir hafnarnefndin samið, og er það flutt samkvæmt ósk hennar.